

Stefnuyfirlýsing Delta Kappa Gamma

Alþjóðasamtökin Delta Kappa Gamma stuðla að auknum fræðilegum og persónulegum þroska kvenna í fræðslustörfum og gæðum í menntun og uppeldisstörfum



Heimasíðan okkar er :
<http://dkg.muna.is>

Heimasíða alþjóðasamtakanna er:
<http://dkg.org>

ΔΚΓ

Fréttabréf

Delta Kappa Gamma

Haust 2010

Félag kvenna í fræðslustörfum
á Íslandi

Frá ritnefnd

Kæru lesendur!

Nú ganga lægðirnar yfir landið eftir blítt og sólríkt sumar. Veðurfarið má kannski heimfæra upp á ástandið í Þjóðfélaginu þessa dagana en Þjóðin hefur látið ýmislegt yfir sig ganga í von um betri og bjartari tíð.

Haustfréttabréf okkar birtist ykkur nú í þetta sinn á pappír ásamt því að koma á netinu og enn erum við að velja því fyrir okkur í ritnefndinni hvort formið henti betur. Flestar félagskonur sem við heyrum í eru á því að pappírformið skili sér betur til allra, þannig að líkur eru á því að næsta fréttabréf verði líka á pappírformi, ef fjárhagur leyfir.

Í fréttabréfinu að þessu sinni kennir ýmissa grasa og margs konar fróðleik er þar að finna. Við birtum að sjálfsgöðu pistla frá deildunum vott og breitt um landið og alltaf er gaman að sjá hversu lifandi og fræðandi starfið er hjá þeim. Forsetinn okkar, Ingibjörg Jónasdóttir, sendir okkur hugleiðingu og hvatningarorð eins og áður. Einnig er fróðlegt viðtal við heiðurskonuna Rannveigu Löve sem miðlar okkur reynslu sinni og visku. Við minnumst í fréttabréfinu þriggja mætra Delta Kappa Gamma systra sem létust á árinu. Guðrún Bergmann skrifar grein um hvernig konur geta breytt heiminum til hins betra í umhverfismálum. Þrúður Kristjánsdóttir segir okkur frá fyrstu sporum Alfadeildarinnar sem er gaman að fræðast um núna þegar nýbúið er að stofna enn eina deild, Lambdadeild, í Delta Kappa Gamma og Alfadeildin er 35 ára. Ingibjörg E. Guðmundsdóttir sendir okkur pistil um afmælishátíðina. Ingibjörg Einarsdóttir segir okkur frá stofnun Lambdadeildar. Sigrún Klara Hannesdóttir skrifar áhugaverðan Afríkupistil, Sigrún Jóhannesdóttir segir frá alþjóðþinginu í Spokane síðast liðið sumar og litlu hollráðin fyrir kennara eru á sínum stað. Vonandi geta einhverjar nýtt sér þau. Þá er að nefna stutt yfirlit yfir lagabreytingar og styrki samtakanna og frásögn af stjórnendanámskeiði sem haldið var í haust og vor á vegum landssambandsins.

Ágætu systur, við í ritnefndinni hvetjum ykkur til að senda okkur pistla um hvaðeina sem vekur áhuga ykkar og ábendingar um efni eða viðmælendur sem ykkur þætti fróðlegt að tekið yrði viðtal við. Þó að ritnefndina hafi alls ekki skort efni hingað til er alltaf gott að heyra í fleirum og skoða hvort við gætum nýtt þær hugmyndir í fréttabréfið. Munið svo að skoða myndir og spennandi efni á vefsíðunni okkar. Við þökkum öllum sem lagt hafa til efni í þetta fréttablað og sendum lesendum bjartsýnis- og ljósakveðjur í skammdeginu.

Jónína Eiríksdóttir, Sigrún Jóhannesdóttir og Þrúður Kristjánsdóttir, í Deltadeild.



Fréttabréfið setti ritnefndin upp í forritinu Publisher og það var prentað í Svansprenti ehf. Kópavogi

- Að koma á nýja staði þar sem heil vika með skemmtilegum viðburðum frá morgni til kvölds er lögð að fótum manns er ótrúlega skemmtileg leið til að njóta sumarfrís á skapandi hátt.
- Að fá tilfinningu fyrir menningu og viðhorfum þess ríkis sem gegnir gestgjafahlutverkinu hverju sinni er ómetanlegt innsýn sem ekki lærist af bókum!

Prófiði bara!

Næsta alþjóðþing verður haldið í New York 24.-28. júlí 2012 og svo í Indianapolis 28. júlí – 1. ágúst 2014. Næsta Evrópuþing verður í Baden Baden sumarið 2011 og svo líklega í Hollandi 2013. Byrjum strax að safna fyrir ferðum!

Sigrún Jóhannesdóttir, Deltadeild.

Frá námstyrkjanefnd

Á vegum Delta Kappa Gamma eru nokkrir styrkir fyrir félagskonur í boði: **Íslenski námsstyrkjasjóðurinn** sem veittur er annað hvert ár og er ætlað að styðja félagskonur sem vinna að lokaverkefnum í meistara- og doktorsnámi. Námsstyrkjasjóðurinn heyrir beint undir stjórn landssambands Delta Kappa Gamma á Íslandi. Umsóknarfrestur um styrk er til og með **1. mars**. **Námsstyrkjasjóður alþjóðasambandsins** (International Scholarships) er veittur félagskonum sem stunda eða hyggja á framhaldsnám í Bandaríkjunum. Doktorsnemar ganga að öllu jöfnu fyrir um þenna styrk. Eindagi umsóknar er **1. febrúar** ár hvert. Styrkurinn er að upphæð 6.000 dollarar. Umsóknæyðublað er að finna á krækju heimasíðu íslenska landssambandsins sem tengist heimasíðu alþjóðasambandsins. Umsóknin er fyllt rafrænt út og send beint til alþjóðasambandsins.

Styrkur til fyrirlesara (International Speakers). Alþjóðasambandið niðurgreiðir ferðakostnað fyrirlesara erlendis. Félagskonur geta sótt um styrk til fyrirlestrarhalds. Sett er skilyrði að samtakanna sé getið og þau kynnt. Hægt er að sækja um **frá 1. júlí til 15. október ár hvert**.

Gullni gjafasjóðurinn (Golden Gift Fund) – leiðtogaþjálfun. Styrkir félagskonur til þátttöku í námskeiðum á vegum samtakanna.

Eunah Temple Holden Leadership Fund – styrkur til efla/þróa sérstök leiðtoga verkefni.

Emergency Fund – neyðarstyrkur til félagskvenna vegna náttúruhamfara.

[Námsstyrkir til annarra en DKG félaga:](#)

World Fellowships - veitir konum tækifæri á að stunda nám í háskólum í Bandaríkjunum og Kanada.

Höfundaverðlaun – (Educator's Award). Árlega er einum eða fleiri kvenrithöfundum veitt verðlaun sem er vegleg fjárupphæð.

Verðlaunahafar verða að eiga heima í aðildarfélögum Delta Kappa Gamma en þurfa ekki að vera í samtökunum.



Inga Úlfisdóttir, Epsilondeild

Ferðir og skemmtanir

Ómissandi hluti af alþjóðþingi er svo að sýna sig og sjá aðra, kynnast landi og þjóðmenningu gestgjafanna hverju sinni, rifja upp gamlan kunningskap og njóta þess að vera í skemmtilegum félagskap. Ótal margt af slíku tagi var að finna bæði á undan og eftir hinni formlegu dagskrá en jafnframt inni í dagskránni sjálfri. Þar má nefna sérstakt 4 daga námskeið, Seminar in Purposeful Living, sem haldið er dagana á undan ráðstefnunni í nálægri borg, að þessu sinni í Tacoma. Þetta námskeið sóttu að þessu sinni tvær konur frá Íslandi. Einnig voru ýmsar skoðunarferðir farnar áður en þingið hófst. Eftirminnlegt er boð gestgjafanna í Washingtonfylki í upphafi ráðstefnunnar sem samanstóð af hressingu á árbakkanum og jasstónleikum með hljómsveit á palli úti í ánni en áhorfendur á bakkanum. Einstaklega skemmtileg stemning ríkti þar í fallegu umhverfi og góðu veðri. Síðan var heilmikil menningardagskrá á eftir í aðalsal ráðstefnuhallarinnar með kórsöng, sekkjapípu-hljómsveit og danssýningu þar sem dansaðir voru skoskir og írskir dansar. Margt í þeirri dagskrá var kunnuglegt og greinilegt að norðurevrópsk menning er í hávegum höfð í Washingtonfylki. Þær konur sem hafa sótt Golden Gift leiðtoganámskeið samtakanna í Austin hittust í miklu teboði og skemmtu sér saman um stund og einnig eru ýmsir aðrir hópar sem finna sér lausan tíma í dagskránni til að hittast. Einstök ríki eða einstaklingar halda líka sérstök boð á kvöldin.

Lærdómar

Ég hef áður sagt í pistli um alþjóða-þing DKG að nauðsynlegt sé að upplifa það til að gera sér grein fyrir styrk og fag-mennsku samtakanna okkar. Það var ótrúlega oft í dagskránni sem maður hugsaði með sér: „hvílik forréttindi að fá að tilheyra slíkum samtökum og fá að njóta þess sem þau bjóða.“ Örfá dæmi um lærdóma:

- Að fylgjast með fundarstjórn þar sem hátt í 2000 konur koma sér saman um lagabreytingar, koma með breytingartillögur og andmæla og allt gengur smurt í tíma og rúmi er einstök kennslustund í lýðræði og stjórnun.
- Að kynnast starfsemi nefnda og ráða og fylgjast með hugleiðingum sem sýna virðingu fyrir menntun og viðleitni til að þróast stöðugt áfram og vera í fararbroddi, bæði faglega og persónulega, kveikir stolt og metnað hjá þeim sem á hlýðir.
- Að kynnast konum víða að úr heiminum, vinna með þeim, gleðjast með þeim og jafnvel takast á um hugmyndir og leiðir opnar nýjar tengingar í eigin starfi.



Ingibjörg Jónasdóttir

landssambandsforseti

Kæru DKG systur

Þegar náttúran leggst í vetrardvala fyllast skólar landsins og fjölskrúðugt félagslíf blómstrar víðs-vegar í þjóðlífinu. Það er alltaf gaman að hitta aftur góða vini og spjalla um ævintýri sumarsins. Á þessu hausti er stórt skarð höggvið í hópinn okkar og sorg-in yfirtekur, en við minnumst stórbrotinna kvenna sem hafa haft, hver á sinn hátt, mikil áhreif á samfél-agið. Eygló Eyjólfsdóttir og María Kjeld úr Gamma-deild og Rut Guðmundsdóttir úr Epsilondeild, blessuð sé minning þeirra.

Þegar konur eru spurðar að því af hverju þær eru í DKG þá er oftast minnst á vinátt-una. Starfið innan deildanna er það mikilvægasta í samtökunum og í raun ástæða þess að við erum meðlimir. Við hlökkum til að hitta félagana, kynnast hinum ýmsu viðfangsefnum sem eru á dagskrá vetrarins, hlýða á áhugaverð erindi og taka þátt í uppbyggilegri umræðu. En við erum einnig hluti af stærra hópi. Flestar deildir reyna að heimsækja eða bjóða heim annari deild einu sinni á vetri og er það afar fróðlegt og skemmtilegt og eykur á fjölbreytileikann.

Það er eftirtektarvert að fylgjast með því að þær konur sem mæta á vor- og landssambandsþing eða þá á erlendar ráðstefnur reyna að mæta aftur og það segir sína sögu. Með því að taka þátt í ráðstefnum og fundum sem haldnir eru af landssamtökunum svo og nefndarstarfi samtakanna, víkkum við tengslanetið, eflum



samtökin og eflum okkur. Leadership/Management Seminar er haldið annað hvert ár við háskólann í Austin Texas á vegum alþjóðasamtaka DKG. Golden Gift sjóður alþjóðasamtakanna hefur umsjón með þessu

námskeiði og velur 30 þátttakendur. Ég var svo heppin að fá þennan styrk og fá að upplifa að setjast á skólabeck með öflugum DKG systur víðsvegar að úr heiminum. Allt voru þetta þaulreyndar menntakonur og sköpuðust því iðulega skemmtilegar, fræðandi og uppbyggilegar umræður. Ég hvet konur til að sækja um þennan styrk, en sótt er um hann fyrir 1. desember á oddatöluári. Ég mun minna á hann aftur og veita nánari upplýsingar ef þörf er á. Í lok júlí var ferðinni heitið til Spokane í Washingtonfylki á alþjóðaráðstefnu DKG og gerir Sigrún Jóhannesdóttir ráðstefnunni mjög góð skil á öðrum stað í þessu blaði. Fyrir mig var afar skemmtileg og fræðandi lífsreynsla að fá að taka þátt í stjórnarfundum alþjóðasambandsins. Síðastliðinn vetur sóttum við um styrk til Lucile Cornet sjóðs sem veitir styrki til landssamtaka vegna leiðtogafræðslu. Jackie Cuppy fyrrverandi alþjóðaförseti, sem kom til okkar á landssambandsþingið 2009, og Sigrún Klara Hannesdóttir sem var 2. varaforseti



alþjóðasamtakanna lögðu að okkur að leita til þessa sjóðs og þegar í ljós kom að við fengum styrkinn var farið af stað með undirbúning leiðtoganámskeiðs. Styrkurinn gerði okkur kleift að fá Barböru Whiting frá Minnesota til landsins og hélt hún tveggja daga leiðtoganámskeið, **Becoming Educators of Excellence**, í september síðastliðinn. Námskeiðið tókst mjög vel og hélt Barbara auk þess fundi og kynnti hugmyndafræði Amöndu Gore.

Fyrir vorþingið í vor hélt erlendum gestur okkar, Dr. Helen Popovich, vinnustofu, **Key Issues of Leadership**. Má segja að leiðtogafræðsla sé nú komin á kortið hjá samtökunum hér á landi og vonumst við til að þetta verði fastur liður, alla vega annað hvert ár. Við stefnum að því að halda þessi námskeið í vor fyrir landsbyggðarkonur. Það er mikið gleðiefni að tvær íslenskar konur fengu styrk vegna doktorsnáms í vetur, en þær voru styrktar af International Scholarship. Við settum einnig inn nokkrar tilnefningar til alþjóðanefnda og okkur til ómældrar ánægju fengum við fjórar konur frá Íslandi núna í alþjóðlegar nefndir. Þetta styrkir tengslanet okkar og sýnir að við erum viðurkenndar hjá alþjóðasamtökunum.

Það er margt á döfinni:

- Ný deild, **Lambdadeild**, var stofnuð 28. október s.l. og bjóðum við þar 26 nýjar konur velkomnar í samtökin. Þar á félaga- og útbreiðslunefndin undir stjórn Ingi-bjargar Einarsdóttur allan heiður og færum við þeim bestu þakkir fyrir frábært starf. - 35 ár eru frá stofnun fyrstu deildar DKG á Íslandi, en **Alfadeildin** á afmæli 7. nóv. Þær munu halda upp á það með glæsilegri málstofu í Þjóðmenningarhúsinu þann 13. nóvember.

- Við gengum til liðs við **Skotturnar** sem eru regnhlífasamtök kvennasamtaka og sameinast þær undir þessu merki gegn kynbundnu ofbeldi á degi kvennafrídagins. - Við förum í samvinnu við **Unicef** eins og greint er frá á öðrum stað í fréttabréfinu. - Undirbúningur landssambandsþings er að hefjast. Við höldum áfram að einbeita okkur að “Góðum hlutum sem gerast” en yfirskrift þingsins verður “Fagvitund í fyrirrúmi”.

- Gönguhópurinn sem hóf göngu sína í fyrra heldur áfram. Konur úr hinum ýmsu deildum fá tækifæri til að ganga saman einu sinni í mánuði og hefur það verið mjög ánægjulegt.

Ég hvet konur að taka frá dagsetningarnar í byrjun maí og ágúst og fjölmenna á atburði samtakanna. Svo uppsker sá, sem sáir. Hugmyndir eru uppi um að við verðum aftur virkar sem umsagnaraðilar um lög, reglugerðir og menntastefnur. Ef hugmyndir kvikna um annað sem við getum tekið þátt í saman og eflt okkur þá eru tillögur vel þegnar.

Kæru systur, það hefur verið mér dýrmæt reynsla að heimsækja deildir síðastliðið ár og þakka ég þær yndislegu móttökur sem ég hef fengið. Deildirnar eru mjög ólíkar en alls staðar er þessi samkennd, þekking, kraftur, hlýja og vinátta sem tengir okkur. Við þurfum að vera duglegri að láta vita um verkefni og velgengni hverrar annarrar. Það býr svo óendanlegur styrkur innan þessara samtaka og tengslanetið sem við eigum er ómetanlegt. *Gangi ykkur vel í lífi og starfi, ég hlakka til að sjá og fréttu af ykkur.*

Ingibjörg Jónasdóttir, forseti landssambandsins

jákvæðu viðhorfi. Hún var um leið skemmtilegur uppistandari og skildi við okkur skellihljæjandi og mjög jákvæðar, búnað að finna G-blettinn í heila okkar!

• „Culture Waves“ flutt af Anne Marie Rhodes, sem er rithöfundur og samskiptagúrur af ungu kynslóðinni og fjallaði um vinnustíl og viðhorf ungs fólks sem nýtir tækni með nýjum og skapandi hætti. Enn og aftur vorum við minnt á að viðhorf til náms og aðferðir við nám eru að gjörbreytast hjá nýrri kynslóð og við verðum að mæta því á skapandi hátt ef við ætlum að halda áfram í fræðslustörfum! „How to Influence Education Policy“ flutt af Christopher Rants, sem er fylkisþingmaður frá Iowa fylki og sonur Dr. Carolyn Rants, fráfandi formanns DKG. Hann fjallaði um leiðir til að koma málefnum á framfæri við þingmenn og þá sem setja lög sem við þurfum svo að starfa eftir. Gagnlegt fyrir alla og vakti til umhugsunar að gömlu persónulegu samskiptaaðferðirnar eru stundum vænlegri til árangurs en tæknin ef við þurfum að ná til þeirra sem fá þúsundir tölvupósta á dag!

Fræðslufundir (Workshops)

Annað megineinkenni þessara þinga felst í miklum fjölda fræðslufunda þar sem hægt er að velja á milli fjölmargra funda sem fjalla ýmist um starfsemi og stjórnun DKG og faglegra funda um menntamál á ýmsum sviðum. Allir geta fundið þar eitthvað við sitt hæfi og oftast er það svo að vandinn er að velja og hafna þar sem margt er í boði á sama tíma.

Landfræðileg svæðisskipting (Regions)

Samtökunum er skipt upp í 5 landfræðileg svæði sem vinna að ýmsum sameiginlegum málum undir stjórn svæðisstjóra. Aðalverkefni hvers svæðis er að halda svæðisráðstefnu annað hvert ár á oddatöluári. Á alþjóðþingi hittast fulltrúar hvers svæðis á sameiginlegum morgunverðarfundi og ræða sameiginleg mál og fá kynningu á næstu svæðisráðstefnu. Næsta ráðstefna Evrópu verður t.d. haldin í Baden Baden í Þýskalandi. Þýsku konurnar sem þarna voru staddar kynntu fyrir okkur umgjörð ráðstefnunnar og var greinilega mikill áhugi á að mæta þar næsta sumar. Nýr svæðistjóri tók við Evrópusvæðinu á þessu þingi, Kate York frá Bretlandi. Hún tók við af Birgit Svenson frá Svíðþjóð sem gegnt hefur embættinu sl. tvö ár og mun hún leiða undirbúninginn fyrir svæðisráðstefnuna í Þýskalandi.

Menningsarsvæði (Forums)

Í DKG eru starfandi nefndir, svokölluð Forum sem sinna þeim fjórum mismunandi menningarsvæðum sem samtökunum er skipt í. Forumnefndirnar sjá um sérstaka fundi á alþjóðaráðstefnum samtakanna um málefni menningarsvæðanna. Þannig hefur Evrópunefndin sérstakan fund um evrópsk málefni og sama gildir um Suður-Ameríku, Bandaríkin og Kanada. Evrópufundurinn var að þessu sinni mjög fjölbreyttur og tók bæði á hagnýtum málum sem snúa að evrópskum svæðisþingum og ýmsum öðrum sameiginlegum málum en einnig var hluti fundarins helgaður faglegum málefnum undir þemanu: „Leading women educators – Impacting education worldwide“. Ria Bleeker frá Hollandi, sem stýrir rúmlega þrjátú þúsund manna verknámsskóla, flutti einstaklega fróðlegt erindi sem hún nefndi: „Diversity in Culture and Religion in Amsterdam Schools – connected with quality in education.“ Á eftir urðu skemmtilegar umræður um gæði í menntun sem Diana Bell frá Bretlandi stýrði.



Sigrún Jóhannesdóttir
Alþjóðafþingið í Spokane, sumarið 2010

Annað hvert ár, þegar ártalið er slétt tala, er haldið alþjóðafþingi (International Convention) Delta Kappa Gamma samtakanna, venjulega einhvers staðar í Bandaríkjunum. Alþjóðafþingi eru, eins og nafnið gefur til kynna, nokkurs konar aðalfundir og eru stærstu og glæsilegustu samkomur samtakanna með fjölda viðburða sem snúa bæði að félagslegum þáttum svo sem

lagabreytingum og öðrum ákvörðunum en einnig að faglegum þáttum um menntamála- og ógleymdum veislum og vinafagnaði.

Að þessu sinni var þingið haldið 20.-24. júlí í borginni Spokane í Washington-fylki. Spokane er falleg borg með glæsilegri ráðstefnuhöll við bakka Spokane árinna sem rennur í gegnum miðja borgina. Þetta var í fimmta sinn sem undirrituð tók þátt í alþjóðafþingi og þó þau lúti að mestu sams konar skipulagi eru þau hvert með sínu sniði og mótast töluvert af gestgjöfum á hverjum stað. Að þessu sinni tóku um 1700 konur þátt í þinginu sem er heldur færra en venjulega en samt sem áður dágóður hópur. Ráðstefnuhöllin var afar glæsileg og rúmaði vel þennan fjölda. Dagskráin var fjölbreytt og gaf marga möguleika til að koma til móts við hin fjölbreytilegustu áhugamál. Veðrið var sérlega þægilegt, sól og 22°-28°hiti allan tímann. Allt þetta stuðlaði að afskaplega vel heppnuðu tímamótþingi þar sem samþykktar voru mikilvægar breytingar á lögum samtakanna. Dagskrá þingsins er lýst í glæsilegu dagskráriti sem að þessu sinni var hvorki meira né minna en 104 blaðsíður. Það segir mikið til um umfang þingsins. Það er mjög fróðlegt að fletta í gegnum ritið því það gefur góða heildarsýn á eðli og starfsemi samtakanna.

Aðalsamkomurnar (General sessions)

Meginþungi þingsins fólst í aðalsamkomum sem voru um 2 klst. hver og voru fimm talsins. Þar voru kynntar skýrslur nefnda, ræddar og samþykktar lagabreytingarnar sem lagðar voru fram og auðvitað fjallað um tilgang og starfssemi samtakanna. Aðalsamkomurnar hófust flestar eða enduðu með mjög áhugaverðum lykilerindum (keynote) sem tengdust þema þingsins en margt annað fór fram á aðalsamkomunum sem áhugavert var að kynnast en er ekki tínt til hér.

Aðalþema þingsins var „From vision to action: advancing the society.“

Lykilerindin sem öll tengdust þemanu voru fjögur:

- „Leadership in Global Society“ flutt af John Brock aðalforstjóra Coca Cola Enterprises, en mamma hans var DKG-félagi og einnig móðursystir hans sem var þarna stödd. Hann fjallaði um breyttar hugmyndir um mannauðsstjórnun og tengsl við viðskiptavinum í hnattvæddum heimi. Enn og aftur vorum við minnt á að heimurinn hefur tekið stökkbreytingum síðustu ár og þar með hugmyndir manna um hlutverk og ábyrgð stjórnenda.

- „Spirited Leadership“ flutt af Amanda Gore sem er þekktur fyrirlesari í Bandaríkjunum um stjórnun. Hún fjallaði um leiðtogann sem lætur hjartað ráða för, hlátur og gleði og mikilvægi þess í allri stjórnun að laða fram það besta hjá fólki með

Frá landssambandsstjórn

Landssambandsþing DKG

2011 verður 6.- 8. maí

Yfirskrift þingsins er: Fagvitund í fyrirúmi.



Konur eru hvattar til að taka strax frá þessa daga. Menntanefnd mun vinna með landssambandsstjórninni að faglegri dagskrá, en Þetadeildin mun sjá um ytri ramma þingsins. Á föstudeginum 6. maí verður boðið upp á námskeið og vinnustofur.

Alþjóðlegar nefndir:

Fjórar íslenskar konur voru valdar í alþjóðanefndir til næstu tveggja ára:

Hertha W. Jónsdóttir, Membership Committee

Sjöfn Sigurbjörnsdóttir, Leadership Development Committee

Sigríður Ragnarsdóttir, Education Excellence

Jóhanna Einarisdóttir, Educator's Award

Einnig var Sigrún Klara Hannesdóttir valin í Editorial Board til næstu fjögurra ára.

Evrópuþingið :

Baden Baden 3. - 6. ágúst 2011.

Gaman væri að konur fjölmenntu þangað.

Þema þingsins verður það sama og Alþjóðaforsætinn hefur kosið sér sem sín einkunnarorð næstu tvö ár:

Embracing Our Vision • Designing Our Future
 Eins og Kate York Evrópuforsætinn okkar segir: This echoes what Jensi Souders has already chosen as her focus. The 'Vision' means the society's vision statement: Leading women educators, impacting education worldwide. By choosing this, we are endorsing and supporting the focus chosen for all that we do in this biennium. 'Impacting education worldwide' is what every member, chapter and state should try to do. Every single member can make an impact on education in a positive way.

Námstyrkir:

Samtök DKG veita styrki til framhaldsnáms. Á þessu ári fengu tvær konur frá Íslandi styrki frá International Scholarship til að sinna doktorsverkefnum sínum, Anh-Dao Tran úr Gammadeild og Anna Guðrún Edvaldsdóttir úr Iotadeild. Nánar um námsstyrki í fréttabréfinu og á vef samtakanna: dkg.muna.is



Ný stjórn landssambandsins 2011-2013:

Uppstillingarnefnd fer senn á stúfana og biður deildir um tilnefningar í landsambandsstjórn. Vertu viðbúin að taka við áskoruninni, þetta er verkefni sem er vel þess virði að takast á við.




“Það er mikill vandi að vera góður kennari”

Viðtal við Rannveigu Löve
um starf hennar og lífsskoðanir

Í Delta Kappa Gamma er mikill mannaúður. Við erum svo lánsamar að hafa innan okkar félags lykilkonur í fræðslustörfum sem halda áfram að gefa af sér og miðla þekkingu sinni og reynslu þó komnar séu á eftirlaun. Að þessu sinni er Rannveig Löve sú sem miðlar okkur af sínum reynslubrunni.

Rannveig fæddist á Bildudal 29. júní 1920 og er því nýorðin níræð. Hún hefur lengst af búið og starfað á höfuðborgarsvæðinu og kenndi lengi í Melaskóla. Fyrir nokkrum árum kom út endurminningabók hennar sem nefnist Myndir úr hugskoti.

Rannveig var frumkvöðull í lestrarkennslu. Hún setti upp fyrsta lesver í íslenskum skóla í Melaskólanum, samdi og gaf út mikið af kennsluefni, bæði lestrarbækur fyrir börn og kennslufræði fyrir lestrarkennara. Hún hóf kennslu í Melaskólanum og á þeim tíma var fræðslustóri í Reykjavík Jónas B. Jónsson sem var mjög áfram um að efla gæði í kennslu og símenntun kennara. Við spyrjum Rannveigu um hvernig það atvikaðist að hún sérhæfði sig í lestrarkennslu.



Það byrjaði svona

Hann Jónas var svo duglegur að færa okkur allar mögulegar nýjar leiðir í kennslu. Hann bauð okkur upp á námskeið í alls konar afbrigðum við kennslu til að kenna öllum nemendum. Hann var mjög fundvís á flinka kennara til að kenna okkur. Hann flutti til landsins fyrsta flokks kennara frá Svíþjóð og bauð okkur upp á námskeið í nýjum aðferðum við kennslu. Kennarar gripu þetta fegins hendi og ég varð svo upptekin af þessu að mér fannst engan veginn nóg að hafa farið á námskeið hjá þessum ágætu konum svo ég bað Jónas um að leyfa okkur nokkrum kennurum, sem höfðum sérstakan áhuga, að fara utan og spurði hvort hann gæti ekki komið því til leiðar að við fengjum að fara, einn kennari frá hverjum skóla, og vera þarna úti í Svíþjóð að læra aðferðir og hann gerði það. Og við fórum fimm kennarar, einn frá hverjum skóla í Reykjavík, til Svíþjóðar og vorum þar í mánuð að læra aðferðir við lestrarkennslu. Það byrjaði svona.

Og eftir það varð ekki aftur snúið – sko!

Þegar ég kom heim þá varð ég mjög upptekin af þessu, var að vísu með venjulegan sjö ára bekk þar sem flestir byrjuðu ólæsir en þegar vetrinum lauk þá voru flest barnanna sem ég var með orðin læs og ég fór til skólastjórans, Arngríms Kristjánssonar, og sagði við hann: Settu þessi læsu börn hvar sem er í bekk en þessi

Minning Rut Guðmundsdóttir

Rut Guðmundsdóttir fæddist í Reykjavík 8. febrúar 1940. Hún andaðist á Líknardeild Landspítalans 30. september 2010. Foreldrar hennar voru Þórunn Jónsdóttir og Guðmundur R. Guðmundsson. Eiginmaður Rutar var Bjarni H. Ansnes. Þau eignuðust tvær dætur, Þórunni f. 1962 og Írisi f. 1972.

Rut ólst upp í Reykjavík. Á skólaárum sínum æfði hún handbolta og var í landsliði Íslands í níu ár og varð Norðurlandameistari 1964.

Rut kenndi frá árinu 1964, fyrst við Barna- og unglingaskólann á Hellissandi, síðan við

Flúðaskóla og var skólastjóri við Flúðaskóla í eitt ár. Hún var ráðin skólastjóri Brautarholts- og Gnúpverjaskóla en þeir síðan sameinuðust í Þjórsárskóla og vann hún þar til 2007 en þá gerðist hún kennsluráðgjafi við Skólaskrifstofu Suðurlands og starfaði þar til síðastliðins vors. Rut lauk kennaraprófi frá KHÍ og prófi í sérkennslufræðum nokkrum árum seinna. Einnig lauk hún meistaraþrófi í uppeldis- og menntunarfræðum frá sama skóla árið 2004. Rut starfaði í ýmsum nefndum og stjórnnum, má þar nefna að hún var kennsluráðgjafi í stærðfræði á Suðurlandi, sat í stjórn Kennarasambands Íslands, formaður skólamálaráðs KÍ og í stjórn Námsgagnastofnunar. Rut var virk í félagsmálum. Hún sat í stjórn starfsmannafélags Samvinnutrygginga Andvöku og Glímufélags Ármanns, var í Kvenfélagi Hrunamannahrepps, Zontaklúbbs Selfoss og ein af stofnfélögum Epsilon deildar DKG. Þar var hún varaformaður 1996-1998 og 2002-2004.

Fagmennska og ósérhlífni einkenndi allt það sem Rut tók sér fyrir hendur. Hún var einstaklega afkastamikil og dugleg og vann auk þess öll sín verk með ljúfri lund, bjartsýni og virðingu fyrir öðrum. Það skilaði sér líka því nemendur hennar litu upp til hennar og þeim þótti vænt um hana.

Gammadeild bauð okkur Epsilon systurum á fund í KHÍ í janúar s.l. Við minnumst þessarar kvöldstundar með þökk og gleði en þessi fundur var hinn seinasti er Rut komst á. Rut vakti alltaf athygli þar sem hún var sökum glæsileika og fállegrar framkomu. Við minnumst með söknuði fráberrar konu með bjart bros, smitandi jákvæðni og ljúfa lund.

Missir eiginmanns, dætra, barnabarna og tengdasona er mikill og við biðjum þeim allrar blessunar.

F. h. Epsilondeildar
Björg Björnsdóttir.



Minning Eygló Guðmundsdóttir og María Kjeld



Tvær mikilhæfar konur í Gammadeild féllu frá á árinu, þær Eygló Guðmundsdóttir og María Kjeld. Eygló lést hinn 28. september. Hún var glæsileg kona opin, hlý og glaðleg. Hún sýndi ótrúlega þrautseigju og ædruleysi þau ár sem hún lifði eftir að hún greindist með krabbamein. Eygló var okkur í Gammadeildinni fyrirmynd með kjarki sínum og jákvæðni. Hún nýtti hæfileika sína til skapandi starfa eftir að hún minnkaði við sig vinnu, fór að yrkja meira, söng í kór og málaði. Eygló varð félagi í Delta Kappa Gamma árið 1992. Hún gegndi þar ýmsum trúnaðarstörfum. Meðal annars sat hún í stjórn Gamma-deildar á árunum 1996-2000 og næstu tvö árin var hún formaður deildarinnar. Við minnumst hennar sem gleðigjafa með jákvæð viðhorf, dillandi hlátur og ríka

elsku á söng. Hún gaf landsamtökunum fallegan texta um félagsskapinn okkar sem við njótum til minningar um hana.

Sama dag og Eygló var jörðuð, hinn 8. október, barst sú sorgarfrétt að María Kjeld væri fallin frá. Hún hafði verið veik í stuttan tíma áður en kallið kom. Það var ekki fyrirferðin á Maríu. Hún var hæglat, einstaklega ljúf manneskja sem hafði góða og hlýja nærveru. María varð félagi í Delta Kappa Gamma árið 1981. Hún var ritari Gammadeildar árin 1984-1988 og formaður deildarinnar 1996-1998 auk þess sem hún gegndi ýmsum öðrum trúnaðarstörfum. Við minnumst Maríu sem stórhuga og kærleiksríkrar manneskju þótt ekki bæri hún alltaf tilfinningar sínar á torg.

Það eru orð að sönnu sem fram komu í minningargrein Rannveigar Löve um Maríu Kjeld en þar segir: „Báðar þessar konur voru stjórnendur á sviði menntamála þjóðarinnar, hugvitssamar hugsjónakonur, ósérhlífna, vinnufúsar og óvenju hugljúfar í stjórnun og samstarfi. Þá óumdeilanlegu hæfileika höfðu þær fengið í vöggugjöf.“ Síðustu starfsárin var María skólastjóri við Þjálfunarskóla ríkisins, síðar Fullorðinsfræðslu fatlaðra. Eygló Eyjólfsdóttir var fyrsti skólameistari Borgarholtsskóla og gegndi því starfi í sex ár. Eftir að hún veiktist hóf hún störf sem sérfræðingur við sérkennslumál í mennta- og menningarmálaráðuneyti. Báðar voru þær kjölfesta í Gammadeildinni og í hugum okkar er djúp sorg við missi stórhuga kvenna. Þeirra er minnst af mikilli virðingu.

Við jarðarfari þeirra var fána Delta Kappa Gamma stillt upp við kisturnar. Hlýnaði félagskonum um hjartarætur við þá sýn og eiga þar með einnig tákna hlutdeild í lífi þeirra.

Kristín Jónsdóttir, formaður Gammadeildar.



sjö börn, sem ekki náðu neinum árangri í lestri af því að þau voru ekki tilbúin, leyfðu mér að hafa þau áfram og leyfðu mér að fá önnur börn til viðbótar sem eru á svipuðu róli. Ég get vel hugsað mér að hafa 15 börn í bekknum á sama aldri - og ég skal kenna þeim öllum að lesa en þau þurfa bara lengri tíma. Og þannig byrjaði það. Hann varð alveg steinhissa en fann fyrir mig önnur ólæs börn á sama aldri. Þetta varð fyrsti hjálparbekkurinn í Melaskóla. Þessi bekkur - hann varð fyrirmynd annarra bekkja vegna þess að hann varð svo félagslega þroskaður. Þau lærðu að hjálpa hvert öðru og þau lærðu alla góða siði sem hægt var að kenna í skóla og voru algjör fyrirmynd - þessi litli bekkur. Þau voru svo stolt og svo hreykin af dugnaði sínum og alltaf að hjálpa hvert öðru. Þau vissu það að þetta var hægt, það þurfti bara að vera rólegur og vinna vel – taka eitt skref í einu.

Hann verður að hafa þig eina til að geta lært

Mér er svo minnisstætt að það var einn drengur í bekknum sem var lakastur – hann var bara ægilega lengi að ná þessu og börnin höfðu svo miklar áhyggjur af þessum eina dreng og voru alltaf að segja við mig: Rannveig getur þú ekki tekið hann bara til þín og haft hann heima hjá þér? Hann verður að hafa þig eina til að geta lært. Ég skal hugsa málið sagði ég. Einn góðan veðurdag er bankað á dyr hjá mér og þar stendur fyrir utan dyrnar fullorðin kona og þessi litli drengur. Hún heilsar og segir:

“Fyrirgefðu að ég ræðst svona á þig, en krakkarnir í bekknum hans segja að ég eigi að fara með hann til þín og þú munir taka hann einan. Ég veit ekki hvað þau hafa fyrir sér í því en þau skipa mér að gera þetta og mér fannst þetta svo merkilegt að ég er komin með hann hingað til þín. Hvað getur þú gert fyrir okkur?”

Hann kom til mín á hverjum degi aleinn þangað til hann var búinn að ná því sem til þurfti. Þetta er bara dæmi um það hvernig börn bregðast við, hvað hægt er að gefa þeim góða fyrirmynd, hvað hægt er að kenna þeim að standa saman og gefa þeim sjálfstraust þannig að þau komi með heila sálfsmynd út úr skólaveru sinni. Þetta var mitt lífsævintýri.

Lesver með öllum búnaði

Svo fór ég í nám til Noregs þar sem ég lærði þá aðferð að kenna börnum með lestrarerfðileika. Þegar ég kom heim var ég svo lánsöm að skólastjórinn, sem þá hafði tekið við í Melaskóla, Ingi Kristinsson, leyfði mér að búa til lesver með öllum búnaði, alveg eins og ég vildi hafa það eftir fyrirmyndum frá Noregi. Allt sem ég bað um var gert. Samvinna mín við báða skólastjórana var þannig að þeir gerðu það sem ég bað um, hvernig sem þeir fóru að því. Þarna var mikill kennslufræðilegur áhugi og þessir menn vildu börnunum það besta sem hægt væri. Öll verkefni voru búin til miðað við þarfir hvers einstaklings.

Það er svo mikill vandi að vera kennari


Til að ná árangri verður maður að setja sig inn í hugarástand og líkamlegt ástand og alla tilveru þess barns sem maður er að kenna og reyna að finna réttu leiðina inn til að finna hæfileika hvers barns, því þeir eru þarna, hvert einasta barn hefur hæfileika, það þarf bara að finna leiðir inn að þeim hæfileikum. Það eru misjafnar aðferðir til þess að lokka þá fram. Allir kennarar verða að finna réttu leiðina. Það er bara starf sem er ekki hægt að lýsa, en við gerum ráð fyrir því að hver einasta manneskja sem hefur gert þetta að lífsstarfi sínu að annast, leiða og leiðbeina lifandi mannveru,

verður að hafa hæfileika til að setja sig inn í líf hverrar einustu persónu. Þetta er ekkert spaug, þetta er svo alvarlegt. Við lendum í því að kenna og við verðum að gera okkur fær um það og það er mikill mikill vandi og mikið álag.

Rannveig fylgdist með öllum nýjungum í lestrarkennslu frá nágrannalöndunum. Hún þýddi, aðlagði og samdi námsefni og prófaviðmið. Hún lagði mikið á sig við að miðla af sérþekkingu sinni til annarra kennara og koma aðgengilegu efni fyrir börn á framfæri. Hún sótti sjálf í smíðju til erlendra sérfræðinga sem hún náði sambandi við og fékk suma þeirra til að koma hingað og halda námskeið. Þeirra á meðal var Tove Krogh sem er höfundur þroskaþrófs um viðbrögð barna við mæltu máli sem enn er notað í skólum.

Fróðlegt er að sjá vinnumöppu hennar um hljóðlestraraðferðir sem er handgerð og uppfull af skemmtilegum verkefnum. Mikið hefur verið gefið út af námsefni eftir Rannveigu og má þar nefna lestrarbækurnar Barnagaman sem hún samdi með Þorsteini Sigurðssyni, vinnubækurnar Leikur að orðum sem hún samdi með Þóru Kristinsdóttur og nýlegt námsefni sem hún samdi ásamt Arnheiði Borg.

Rannveig gekk í DKG árið 1978 og hefur verið frábær fyrirmynd og fagmanneskja sem hefur smitað frá sér áhuga, gleði og samhug í okkar félagsskap og er enn að. Við spyrjum hana hvernig hún kynntist Delta Kappa Gamma og gerðist félagi.



Stafahúsið, kennslu-fræðilegt hjálpartæki við móturmálskennslu. Gefið út 1987. Hugmyndin sótt til Norðurlandanna og aðlöguð að íslenskum aðstæðum.

Ég tek með opnum huga á móti öllu sem gleður mig

Það kom nú einfaldlega þannig til að hún Pálína vinkona mín var ein af þeim sem var að afla nýrra félaga, en það kemst nú enginn óboðinn í þennan félagsskap. Hún bauð mér að vera með í þessu og tók mig með sér. Af einhverjum ástæðum fannst henni að ég ætti að vera með í þessum félagsskap. Ég þáði það og þarna hitti ég konur sem eru allar mjög vel gefnar, mjög vel menntaðar og sem hafa afskaplega skemmtileg, ræktandi áhugamál. Það er það sem ég met svo mikils, að hafa ræktandi og góð áhugamál. Þær eru allar svo miklum hæfileikum búnar til þess að vinna sín störf. Þetta fannst mér afskaplega freistandi að komast inn í svona félagsskap sem bjó yfir svona auðugum hæfileikakönum og þess vegna er ég nú ennþá í þessu. En sjálfri finnst mér ég ekkert hafa gert annað en að njóta og ég geri það hiklaust. Ég er alltaf einstaklega glöð þegar ég hef verið í þessum félagsskap. Ég hef ákveðin viðhorf til lífsins og þau eru að ég hafna öllu sem er ljótt og þreytir mig eða særir en ég tek með opnum huga á móti öllu sem gleður mig og gefur mér fegurð og frið. Ég hef valið það að mér líði vel og tek fegins hendi á móti öllu sem stuðlar að því og það er fullt af því í kringum okkur. Ég finn það í þessum félagsskap að hver og ein kemur svo fagnandi og glöð og það streymir frá þessum könum svo mikil hlýja og svo mikil fegurð, því þær hafa allar svo göfuga hugsun. Sameiginleg lífsgildi þessara kvenna gera félagið afar eftirsóknarvert og ómetanlegt.

Afmælishátíð Alfadeildar 12. nóvember 2010

Haldið var upp á 35 ára afmæli Alfadeildar Delta Kappa Gamma samtakanna í Þjóðmenningarhúsinu laugardaginn 12. nóvember. Rúmlega 50 félagskonur í hinum fjölmörgu deildum DKG fögnuðu þessum tímamótum með félagskonum í Alfadeild og heiðruðu um leið 30 ára forsetaafmæli Fr. Vigdísar Finnbogadóttur, en Fr. Vigdís er heiðursfélagi í DKG samtökunum. Marta Guðjónsdóttir formaður Alfadeildar setti fundinn og stýrði honum. Ingibjörg Jónasdóttir forseti landssambands DKG ávarpaði fundinn og óskaði Alfadeildinni til hamingju með afmælið. Hún stiklaði á stóru í sögu DKG og bar kveðjur frá alþjóðasamtökunum. Aðalerindi dagsins flutti Hreinn Pálsson um Börn og rökræður, en þetta efni hefur verið heiðursfélaga okkar Fr. Vigdísar Finnbogadóttur hugleikið. Hreinn fjallaði um heimspekilega hugsun barna og aðferðir við að kenna börnum heimspekilega hugsun. Hann benti á hvað börn geta haft heimspekilegt innsæi. Hann benti á hvernig rökræður eru best þjálfaðar með að stunda þær, fremur en að kenna um þær. Til marks um innsæi barna sagði Hreinn oft nota svar barns til að útskýra hvað heimspeki er, en í Heimspekiskólanum sagði telja aðspurð: Heimspeki er rannsókn á möguleikum. Hún sneri þarna á marga heimspekinga, sem eiga oft erfitt með að skilgreina heimspeki. Góður rómur var gerður að erindi Hreins og voru líflegar umræður að því loknu. Átta af stofnfélögum



Alfadeildar voru viðstaddir og voru þær heiðraðar með rauðri ós og sagði Þuríður Kristjánsdóttir, fyrsti formaður Alfadeildar og fyrsti forseti landssambandsins nokkur orð um stofnun Alfadeildar og samtakanna. Hún minntist þess lærdóms, sem félagsstarfið stuðlaði að hjá félagskonum og vildi að samtökin yrðu sýnilegri. Að lokum ávarpaði Fr.

Vigdís Finnbogadóttur samkomuna, óskaði félaginu til hamingju með afmælið og þakkaði fyrir valið á umræðuefni. Hún minnti á að börnin sem erfa landið þurfa að geta rætt mál, geta sagt skoðanir síðan og borið virðingu fyrir skoðunum annarra. Hún sagði að siðfræði byggðist á sjálfsvirðingu. Þannig þyrfti að kenna börnum sjálfsvirðingu gegnum heimspekilega umræðu og um leið notkun á íslenskrri tungu. Milli atriða var samsöngur við undirleik Herdísar Egilsdóttur og í lokin snæddu félagskonur léttan hádegisverð og spjölluðu saman.

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, Alfadeild

35 ára afmæli Alfadeildar

Alfadeild Delta Kappa Gamma á Íslandi var fyrsta deildin sem stofnuð var hér á landi árið 1975. Deildin heldur því upp á 35 ára afmæli sitt á þessu ári. Dr. Þuríður J. Kristjánsdóttir var ein af stofnfélögnum og fyrsti formaður deildarinnar. Af því tilefni báðum við hana að rifja upp tildrög og stofnun deildarinnar. Gefum Þuríði orðið:

Það eru liðin 35 ár síðan sú glæsilega og eftirminnilega kona Marie Pierce kom hingað til lands eins og stormsveipur og kynnti samtökin Delta Kappa Gamma. Öllu og öllum ókunnug hér var hún nokkrum dögum síðar búin að stofna deild, Alfadeildina, og horfin úr landi.

Bernsku- og unglingsár þessa frumburðar eru þannig löngu liðin og þegar ég lít til baka minnst ég óteljandi ánægjustunda í góðra vina hópi, óteljandi fræðslufunda um hin fjölbreytilegustu mál sem snerta uppeldi, skóla og menntun og allra þeirra mörgu og mjög hæfu kvenna sem ég hef kynnst í deildunum sem nú eru orðnar ellefu. Með okkar sífellda viðmið "miðað við fólksfjölda" er þetta sennilega heimsmet. Í því umróti sem nú er í þjóðfélaginu þarf að slá skjaldborg um skóla og menntun. Þar eiga samtökin að láta til sín taka.

Það var landsamband Iowa sem stofnaði Alfadeildina og gerði það af miklum myndarskap úr fjarlægð, bauð t.d. nýjum forseta á alþjóðþinginu sem sumarið eftir yrði haldið í St. Louis í Bandaríkjunum. Skömmu eftir að deildin var komin á lagginnar fékk ég orðsendingu frá tollinum hér um að ég ætti þar sendingu. Þegar í tollafgreiðsluna kom var mér sagt að þetta væri mjög verðmætt og ég þyrfti að borga toll. Þarna voru komnir kertastjakarnir stóru ásamt litlu skálinni, allt úr verðmætum málm, einnig fylgdi dúkurinn, sending frá Iowa. Tollurinn var það hár að ég bað um að þetta yrði endursent og skrifaði jafnframt sendanda, sem var landsamband Iowa, hvers vegna ég gerði það og bað um að þær hefðu þetta með sér á alþjóðþinginu að sumri. Það gekk eftir og ég kom heim með það áfallalaust í farangri mínum þegar ég kom af þinginu.

Það er einstök reynsla að koma á alþjóðþing Delta Kappa Gamma og hitta þær mörgu og merku konur sem þar eru samankomnar víðs vegar að úr heiminum. Þegar farið er að ræða saman utan funda kemur í ljós að "hjörtum mannanna svipar saman í Súdan og Grímsnesinu", áhugamálin, væntingarnar, erfðleikarnir, baráttan við "kerfið", sigrarnir, ekkert af þessa þekkir landamæri en sameiginlegt er líka vilji til og áhugi á að vinna að framgangi uppeldis- og menntamála í víðum skilningi.

Með þessum orðum sendi ég öllum deildum einlæggar árnaðaróskir og þakkir.

Þuríður J. Kristjánsdóttir, Alfadeild



Þuríður tekur við heiðursviðurkenningu DKG á Íslandi á landsambandsþingi í Reykholti 2007



Við spyrjum Rannveigu hvað sé henni efst í huga eftir lífsstarf við uppeldi og kennslu og hún svarar að bragði:

Það er svo mikilvægt að veita öllum viðurkenningu og hrós, það er enginn svo aumur að hann hafi ekki eitthvað til brunns að bera og maður á alltaf að veita viðurkenningu fyrir það og gefa hrós.

Viðtalið tók Sigrún Jóhannesdóttir í lok október 2010



Hollráð í kennslu frá Þrúði Kristjánsdóttur Deltadeild

Allir kennarar þekkja það hjá yngri nemendum að þegar á að segja frá í söguhorninu þurfa allir að tala í einu. Gott er að hafa band eða borða, má vera "málband", og láta einn nemenda í einu halda í annan endann á bandinu og kennarann í hinn og þá má sá tala sem er í sambandi, en hinir ekki. Með þessu verður þetta áþreifanlegt og virkar betur en orð.

Oft kemur fyrir hjá yngri nemendum að þau eru þreytt og e.t.v. illa upplögð. Þá er gott að fá smá hreyfingu. Gott er að láta þau fara í tvær raðir og æfa sig í að ganga bein með bók á höfðinu yfir þvera skólastofuna, bókin má ekki detta. Eins er hægt að vita í hve fáum skrefum þau komast sömu vegalengd. Það fíla strákarnir vel!

Þetta ráð nýtist vel í teiknikennslu, en er líka ágætis uppbrot í hvaða kennslu sem er, ef nemendur eru búnir með verkefni, eða eru þreyttir. Við setjum á blað ákveðin fyrirmæli um mynd og tiltökum hvað á að vera á myndinni. T.d. hús, 4 tré, 4 fuglar, 1-2 börn, köttur, bíll. Nemendum finnst gaman að bera saman myndirnar, sem alltaf verða mjög mismunandi, þrátt fyrir sömu fyrirmæli. Eins er hægt að láta nemendur sjálfa skrifa fyrirmæli um myndefni og láta þau síðan draga sér verkefni. Þetta hefur alltaf vakið ánægju og líflegar umræður þegar afraksturinn er sýndur.



Guðrún G. Bergmann Konur geta breytt heiminum

Ég er alveg sannfærð um að ...
KONUR GETA BREYTT HEIMINUM.

Svo sannfærð að ég skrifaði um það bók sem kom út á síðasta ári. Konur búa yfir svo ótrúlega miklu valdi, sem þær geta ef þær beita því á örliðið annan veg en

þær gera í dag, notað til að breyta heiminum. Valdið sem ég er að tala um er innkaupvaldið, því konur ráða eða hafa áhrif á um 80-90% allra ákvarðana er snúa að innkaupum. Vald þeirra er því ótvírætt. Hvernig þær beita því er hins vegar önnur saga. Mín hugsun er fyrst og fremst sú að hvetja þær til að beita því þannig að það leiði til grænni og umhverfisvænni framtíðar fyrir okkur öll. Þannig geta þær breytt heiminum.

Ég held að skilning minn á náttúrunni og mikilvægi þess að vernda hana og ganga vel um hana, megi rekja aftur til æsku minnar. Foreldrar mínir, þau Guðjón H. Hannesson og Laufey heitin Torfadóttir, voru ótrúlega dugleg að ferðast, bæði áður en við systkinin fæddust, og eins eftir það. Við vorum ekki ýkja gömul þegar okkur var komið fyrir í aftursætinu á bíl án nokkurra öryggisbelta og ekki með hjálm, og ekið var af stað með okkur út úr bænum í tjaldferðalag eða heimsókn til vina. Hin eiginlega náttúrufræðsla hófst þó fyrst þegar við vorum komin nokkuð á legg. Hvert sem ferðir okkar lágu um sveitir landsins voru okkur kennd nöfn á fjöllum, fjörðum og fossum. Náttúra landsins var jafnframt gædd lífi með því að tengja hana við söguna og við vorum síðan spurð út úr í næstu ferð til að kanna hversu vel þekkingin sæti í okkur. Á þessum ferðalögum hlustaði ég einnig á frásagnir af álfum og tröllum, sem stundum birtust sem kynjamyndir í úfnum hraunbreiðum. Þegar dagur leið að kveldi var leitað að góðu tjaldstæði, gjarnan við læk eða stöðuvatn, og gamla hvíta tjaldið með lausa botninum reist. Útilegubúnaðurinn var ekkert í átt við það sem nú gerist, en dugði samt vel. Ef við gistum bara eina nótt var að morgni dags pakkað saman og allt rusl tekið með, þannig að það eina sem við skildum eftir okkur var bældur grasflötur þar sem tjaldið hafði staðið. Ef einhver hafði skilið illa við staðinn sem við völdum sem náttstað, þá var það rusl einnig hreinsað upp og tekið með í næsta sorpilát.

Þegar ég hugsa til baka sé ég að strax þarna lærði ég að bera ákveðna lotningu fyrir náttúrunni og skilja sterka návist hennar. Ég lærði bæði að meta fegurðu hennar og hættur, að skilja að náttúran er mun sterkara afl en ég og að eina sem ég gat gert var að læra að lifa í sátt og samlyndi við hana. Samt var ég borgarbarn, en þegar ég fór svo að læra landafræði í skóla kom í ljós að ég hafði ferðast meira um landið en flestir bekkjarfélagar mínir. Þau sem áttu foreldra úr sveit fóru nefnilega alltaf á sama staðinn sumar eftir sumar. Ég flakkaði hins vegar um mestallt Ísland með foreldrum mínum og það víkkaði sjóndeildarhring minn óumræðilega mikið.

Λ Λ Lambdadeild

Ingibjörg Einarsdóttir formaður félaga- og útbreiðslunefndar



Stofnfundur Lambdadeildar 28. október 2010

Núverandi stjórn landssambands Delta Kappa Gamma setti sér það markmið að stefna að enn frekari útbreiðslu og fjölgun félagskvenna. Féлага- og útbreiðslunefndin tók hlutverk sitt alvarlega og ákvað strax að að skoða stofnun nýrra deilda, annars vegar á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar á Norðurlandi. Mikil vinna liggur að baki stofnunar deildar og yrði of langt mál að greina frá því í stuttum pistli en það er þó ljóst að margt þarf að skoða og að mörgu er að hyggja. En þar sem mikill kvennaauður er í skólum og öðrum fræðslu-stofnunum landsins sáum við fljótlega að við yrðum að takmarka okkur við ákveðinn fjölda kvenna í deild. Markmið okkar var að efna til kynningarfundar haustið 2010 og í beinu framhaldi af þeim fundi myndum við stofna deild. Það er skemmt frá því að segja að þann 28. október var stofnuð 11. deild DKG á Íslandi og hlaut hún nafnið Lambdadeild. Í deildinni eru 26 félagskonur, ungar konur á öllum aldri. Það ríkti því gleði í gamla Miðbæjarskólanum í Reykjavík á stofnfundinum í síðustu viku þar sem í samtökin gengu þessar glæsilegu konur. Ingibjörg Jónasdóttir, forseti landssambandsins, stýrði fundi og þá flutti Hertha W. Jónsdóttir, Gammadeild, orð til umhugsunar. Inntökuathöfnin var í höndum forseta og útbreiðslunefndar og að lokinni athöfn var sungið hressilega, Kvæðið um fuglana, og ný félagskona í Lambdadeild, Elísabet Þ. Harðardóttir, settist við pianóið og spilaði undir. Að loknu kaffihléi kynnti Hrönn Bergþórsdóttir, Kappadeild, niðurstöður úr meistaraprófsritgerð sinni sem ber heitið:

“Ósýnilegt starfsfólk grunnskólanna—hvernig upplifa skólalíðar starfsumhverfi sitt?”



Á stofnfundi Lambdadeildar
28. október 2010

Að lokum var kosin stjórn Lambdadeildar en í stjórninni sitja: Iðunn Antonsdóttir, formaður, Ingibjörg Ásgeirsdóttir, Ólöf S. Sigurðardóttir og Rannveig Hafberg. Stjórnin kys sér gjaldkera á fyrsta fundi og skiptir með sér verkum. Þá er rétt að geta þess að undirbúningur að stofnun deildar á Norðurlandi er þegar hafinn og eru ábendingar um nýjar félagskonur á því svæði vel þegar. F.h. féлага- og útbreiðslunefndar, Ingibjörg Einarsdóttir Gammadeild, formaður. Aðrar í nefndinni eru Guðrún Edda Bentsdóttir, Kappadeild og Hrönn Bergþórsdóttir, Kappadeild.

nýrri aðalnámsskrá en í henni skapa sjálfar. Við ætlum að örva sköpunarkraftinn okkar um leið og við vinnum að því að fá starfandi listakennara eða listamann í heimsókn. Það er því mikill kraftur í starfinu hjá okkur og góður andi í hópnum. Vetrarstarfið mun helgast af skapandi umræðu og hugleiðingum um hvernig DKG getur mögulega hvatt til enn meiri virkni á þessu sviði. Við færum bestu kveðjur til annarra deilda um leið og við bjóðum allar DKG konur velkomnar til okkar ef þær eru á ferðinni fyrir vestan.

Soffía Vagnsdóttir, formaður Iotadeildar

KK Kappadeild

Pema vetrarstarfsins hjá Kappadeild 2010 – 2011 er „Styrkjum sjálfið – styrkjum vináttuna“. Fyrsti fundur var haldinn 27. september á veitingastaðnum Nauthól. Áður en fundur hófst var gengið fylktu liði í blíðskaparveðri um Öskjuhlíðina þar sem haustlitirnir skörtuðu sínu fegursta. Komu allar Kappakonur endurnærðar á sál og líkama til fundar. Var haft á orði að það samræmdest vel þema vetrarins að hefja fundi á góðri göngu. Fundur hófst á því að ný stjórn kynnti sig, rætt var um félagsgjöld og Sigríður Hulda formaður Kappadeildar flutti orð til umhugsunar sem fjölluðu um þema vetrarins. Þar sem Kappa deildin er ung að árum var ákveðið að leggja áherslu á að styrkja tengslin okkar á milli. Aðalinnlegg fyrsta fundar var byggt á því að félagskonur sögðu frá sjálfum sér, styrkleikum sínum, starfi og áhugamálum. Óhætt er að segja að þetta heppnaðist í alla staði vel og komust færri að en vildu. Verður þetta áframhaldandi viðfangsefni á næstu fundum. Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 27. október í Menntaskólanum Hraðbraut þar sem Sigríður Þrúður, Kappasystir og aðstoðarskólalastjóri skólans, tekur á móti okkur. Á þeim fundi verður Valgerður Magnúsdóttir sálfræðingur og Kappasystir með aðalinnleggið sem hún nefnir: „Sjálfið okkar í ólgusjó daglegs lífs“. Jólafundurinn verður haldinn fimmtudaginn 25. nóvember og líklegt er að hann verði með hefðbundnu sniði þar sem við fáum „leynigest“ í heimsókn og hittumst í heimahúsi. Dagskráin eftir áramót er ekki frágengin en stefnan er sett á bókafund eftir áramótin og heimsókn í aðrar deildir. Á aðalfundi 26. maí var ný stjórn kjörin en hana skipa: Sigríður Hulda Jónsdóttir, formaður; Sigríðu Johnsen, varaformaður; Erla Guðjónsdóttir, ritari; Gunnlaug Hartmannsdóttir, meðstjórnandi og Erla Gunnarsdóttir, gjaldkeri.



Fráfarandi formaður,
Marsibil Ólafsdóttir



Kappasystur

Betra Líf og Bill Mollison

Ég hélt áfram að ferðast innanlands eftir að ég kynntist manningum mínum heitnum, Guðlaugi Bergmann. Bæði vorum við samstíga um að eyða alltaf sumrum okkar á Íslandi, en okkar ferðir höfðu aðeins annan blæ á sér, því Gulli vildi alltaf gista í tjöldum sem höfðu rennandi vatn og rafmagn. Því dvöldum við frekar á hótélum og í veiðihúsum en í tjöldum. Meðfram litríkum laxveiðiám landsins vorum við í tengslum við náttúruna og frumkrafta hennar og förum um staði og svæði, sem hinn almenni ferðamaður sér og upplifir aldrei. Við litum alltaf svo á að við værum afar heppin að hafa fæðst á Íslandi og fengið að alast þar upp.

Í það eina skipti sem Reykjavíkurborg ætlaði að hafa eitthvað í kringum Dag jarðar, að mig minnir árið 1986 var auglýst eftir hugmyndum að grænni borg. Við vorum nokkur sem stóðum að Íslendingafélagi hér á landi og sendum inn ótal tillögur að bættri og betri borg, meðal annars um að í borginni yrði flokkað sorp, en þeirri tillögu hefur ekki enn verið hrint í framkvæmd. Niðurstöður úr samkeppninni voru aldrei birtar.

Við ákváðum hins vegar sjálf að fagna Degi jarðar í Betra lífi, eftir að sú verslun var sett á laggirnar árið 1989, og á sama tíma að selja bækur um umhverfismál. Áhugi okkar á að leggja þeim málaflokki lið jókst og við ræddum stefnur og straua við innlenda sem erlenda aðila. Einn af þeim sem rak á fjörur okkar, sennilega í kringum árið 1994 var Ástralinn Bill Mollison, sem er höfundur að Permaculture (eða vistmenningar) samfélögum víða um heim. Um svipað leyti og við hittum hann tókum við ákvörðun um að selja fyrirtæki okkar og eignir í Reykjavík og flytja vestur að Hellnum. Áhrifanna frá Bill Mollison gætti þegar við ákváðum að þar yrði sjálfbært og vistvænt samfélag. Í upphafi vorum við bara þrjú sem þar bjuggum, en flest urðum við sjö. Samfélagið sem slíkt náði sér aldrei á strik, en upp úr því spratt gistipjónusta, sem varð að Hótel Hellnum. Hótelíð varð fyrsta ferðapjónustufyrirtækið hér á landi til að hljóta umhverfisvottun árið 2002.

Sjálfbær ferðapjónusta og vottun sveitarfélaga

Við Gulli heitinn unnum fyrir Snæfellsbæ að framkvæmd Staðardagskrá 21, sem átti að gera sveitarfélög vistvænni. Upp úr þeirri vinnu þróaðist hvati og vinna að umhverfisvottun sveitarfélaganna fimm á Snæfellsnesi, en við hjónin komum bæði að þeirri vinnu sem ráðgjafar ásamt Stefáni Gíslasyni umhverfisstjórnunarfræðingi. Sveitarfélögin hlutu umhverfisvottun árið 2008, fyrst allra sveitarfélaga á norðurhveli jarðar.

Ástríða mín og áhugi á að leggja náttúrunni lið og vekja fólk til umhugsunar hvað gera mætti betur leiddi til þess að ég hélt ótal fyrirlestra innan ferðapjónustunnar, bæði hér heima og erlendis um mikilvægi sjálfbærrar og umhverfisvottaðrar ferðapjónustu. Jafnframt lagði ég áherslu á að náttúran hér á landi er söluvara okkar og ef við förum ekki vel með hana höfum við ekkert að selja. Hún er einstök og hana ber að vernda, en jafnframt er ég talsmaður þess að selt sé inn í þjóðgarða landsins. Hvergi nema hér á landi er aðgangur að þeim ókeypis, sem gerir það að verkum að þeir eru ekki reknir sem skyldi og veita ekki þá þjónustu sem gæti skapað landinu enn meiri tekjur.

Konurnar gera breytingarnar

Við Gulli höfðum lengi talað um það að konur ættu eftir að stýra mestu breytingunni í umhverfismálum heimsins, en við gerðum okkur ekki alveg grein fyrir hvernig. Eftir að hann féll frá árið 2004 sótti fast að mér að skrifa bók til að hvetja konur til framkvæmda, en það liðu samt ein þrjú ár áður en ég hófst handa við að skrifa. Útkoman varð bókinn **KONUR GETA BREYTT HEIMINUM með nýjum lífsstíl** sem kom úr á Degi jarðar þann 22. apríl 2009. Nýlega gerði ég samning við þýskt útgáfufyrirtæki en það mun gefa bókina út næsta ár, fyrir Bókamessuna í Frankfurt, en Ísland verður þar í gestgjafahlutverki. Jafnframt vinn ég að því að koma bókinni á framfæri í öðrum löndum.

Grænir hælur

Ég get eiginlega ekki annað en sagt ykkur aðeins frá nýjasta hugarfóstri mínu. Um er að ræða umhverfisverkefni sem hvetur konur til að taka umhverfisvernd úr hippa-sandölunum og upp í háa græna hæla. Markmiðið er að sýna konum fram á að umhverfisvernd getur verið smart, skemmtileg og sexý. Verkefnið er enn á frumstigi en ég geri þó ráð fyrir að hrinda því í framkvæmd næsta vor. Stefnan er að selja konum ýmsar vörutegundir og nota hluta af hagnaði þeirra til að hreinsa andrúmsloft okkar og gera það betra fyrir okkur og komandi kynslóðir. Fylgist endilega með mér þangað til á vefsíðunni www.konurgeta.is

Frá laganevnd

Á alþjóðþingi Delta Kappa Gamma í Spokane í júlí s.l. voru gerðar nokkrar breytingar á lögum og reglugerð samtakanna.

Flestar breytingarnar eru minni háttar, aðallega á alþjóðahlutanum og snerta því ekki beint starf

landssambandsins á Íslandi eða starf deilda. En það eru þó gerðar nokkrar breytingar á nefndum alþjóðasamtakanna og m.a. stofnuð "Education Award Committee".



Breyting er gerð á félagaáðild. Nú er ekki lengur gerð krafa um þriggja ára starfsreynslu og eftirlaunaþegum er hægt að bjóða aðild. Félagi sem gengur hefur úr deild en kys að ganga aftur til liðs við hana, getur gert það án þess að greiða þurfi atkvæði um það. Ekki er lengur krafist þess að grísku bókstafirnir séu notaðir fyrir heiti deilda og er það lagt í hendur hvers landssambands að ákveða fyrirkomulagið.

Deildir geta sjálfar ákveðið hvaða nefndir þær hafa.

Deild skal halda að lágmarki fjóra fundi á ári.

Guðný Helgadóttir, Gammadeild



leikskólakennari sem sagði frá verkefninu Orðaspjall sem hún er að vinna með starfsfólki leikskólans Tjarnarsels. Í þessu verkefni er með nýjum áherslum unnið að því að leikskólabörn auki orðaforða sinn. Næsti fundur sem verður 28. október er einnig tileinkaður þema vetrarins en þar mun Guðbjörg Rut Þórisdóttir kennari kynna sérstakt lestrarátak sem kennarar í samstafi við foreldra eru að vinna með. Einnig verða á þessum fundi teknar inn tvær nýjar konur í deildina. Þann 30. nóvember verður jólafundur og þá er hefðin hjá okkur að hlusta á eitthvert uppbyggilegt erindi, syngja og hlusta á jólalög. Bókafundur hefur verið haldinn í janúar í mörg ár og er hefð fyrir því að halda þann fund í heimahúsi. Hulda Björk Þorkeldsdóttir forstöðumaður Bókasafns Reykjanesbæjar skráir allar bækur sem félagskonur fjalla um og setur nöfn þeirra á netið og þangað geta félagskonur farið ef þær muna ekki nöfn bóka og/ eða höfunda sem vöktu athygli þeirra á fundinum. Síðustu fundir vetrarins eru síðan áætlaðir þann 28. febrúar og 29. mars og er ætlunin að vinna áfram með þemað og kynnst því sem verið er að gera í framhaldsskólum og bókasafninu varðandi lestur og læsi. Þetasystur taka síðan á móti öllum DKG-konum á landsambandsþingið sem haldið verður á Suðurnesjum 7.-8. maí 2011.

Guðbjörg M. Sveinsdóttir formaður Þetadeildar

I 1 Iotadeild

Það er alltaf jafngaman og ánægjulegt að hefja vetrarstarfið. DKG starfið skapar okkur konunum í deildinni kærkomið tækifæri til að hittast, rækta andann og fræðast svo um munar. Við höfum þegar haldið tvo fundi það sem af er hausti. Sá fyrri var haldinn á heimili formannsins, Soffiu Vagnsdóttur, í Bolungarvík sem bauð upp á fiskisúpu og heimabakað brauð og kaffi á eftir. Þar sagði hún frá hugmyndum stjórnarinnar um þema fyrir veturinn og samþykktu konur heilshugar að yfirskrift vetrarstarfsins skyldi vera: "Skapandi starf í skólum". Það er ekki síst vegna þess að í nýrri aðalnámsskrá fyrir grunnskóla hafa verið settir fram fimm meginþættir sem eru læsi, lýðræði, jafnrétti, menntun til sjálfbærni OG skapandi starf. Á fyrsta fundi voru það líka afar stoltar félagskonur sem færðu einni úr hópnun rauða rós vegna þess heiðurs sem hún hefur hlotið innan alþjóðastarfs DKG. Það er Sigríður Ragnarsdóttir skólastjóri Tónlistarskóla Ísafjarðar en hún hefur verið kjörin í alþjóðlega nefnd á vegum samtakanna sem heitir Education Excellence Committee. Hún var einmitt á leið á sinn fyrsta fund fáeinum dögum síðar. Það var sannarlega í anda vetrarþemans að heimsækja nýjan vettvang skapandi listastarfs á á öðrum fundi haustsins. Við heimsóttum nýstofnaðan Leiklistarskóla Kómeðiuleikhússins á Ísafirði sem leikarinn góðkunni Elvar Logi Hannesson stýrir. Hann tók vel á móti okkur í húsnæði skólans sem er staðsettur í "yfirgefnu" frystihúsi og sagði frá því helsta sem bæði skólinn og Kómeðiuleikhúsið eru að stússast þessi misserin. Síðan var haldið heim til Jónu Benedíksdóttur DKG konu sem býr í nánd við leiklistarskólann. Þar buðu húslegar DKG konur upp á dýrindissúpu og brauð og súkkulaði með kaffinu. Á síðasta fundi fyrir jól sem haldinn verður í lok nóvember, ætlum við svo að fjalla um drög að

Hn Etadeild

Fyrir nokkrum árum fór fram gagnger umræða um starfið í deildinni, markmið þess og gildi. Þau gildi sem ETA deild kom sér saman um að yrðu leiðarljós eru frumkvæði, fagmennska og samkennd. Einnig voru markmið starfsins skilgreind. Á þessu starfsári verður haldið áfram að vinna í þessum anda. Þá verður sama fyrirkomulag haft á umsjón með fundum og verið hefur og verða starfandi fjórir hópar; einn sem sér um jólafund, og þrír sem skipuleggja fundi eftir markmiðum deildarinnar. Þau eru: Að hafa forystu í faglegru umræðu, Að efla innbyrðis tengsl deildarsystra og Að auka samstarf við konur úr öðrum deildum. Enn eitt markmið er Að velja verkefni utan deildar til að vinna að. Þar höfum við undanfarin tvö ár lagt nokkuð af mörkum til Heilahristings, sem er heimanámsaðstoð fyrir grunnskólabörn af erlendum uppruna í Breiðholti. Heilahristingur er samstarfsverkefni Borgar-bókasafns og Rauða krossins og á sér samastað í Gerðubergi. Við munum skoða hvernig við getum enn frekar stutt við þetta verðuga verkefni.

Fyrsti fundur starfsársins var haldinn 29. september og var gestur fundarins Ingibjörg Jónasdóttir forseti landssambandsins sem fræddi okkur um það sem alþjóðasamtök DKG hafa upp á að bjóða og hvernig við getum tekið virkari þátt í starfi þeirra. Annar fundur verður 2. nóvember undir stjórn hóps um forystu í faglegru umræðu sem hefur boðið Jóni Torfa Jónassyni, forseta menntavísindasviðs HÍ að koma og ræða framtíðarsýn í menntamálum. Fjórir fundir til viðbótar verða haldnir á starfsárinu. Nokkrar konur hafa sagt sig úr deildinni undanfarið og erum við nú 27. Við stefnum að því að fjölga konum um a.m.k. fjórar á þessu starfsári. Bestu kveðjur, f.h. Stjórnar, Auður Torfadóttir formaður. Aðrar í stjórn: Anna Magnea Hreinsdóttir, varaformaður; Kristín Steinarsdóttir, vefstjóri; Ólöf Helga Þór, gjaldkeri og Þórunn Blöndal ritari.

⊕ Petadeild

Ný stjórn Petadeildar tók við í sumar. Formaður er Guðbjörg M. Sveinsdóttir, ritari Inga María Ingvarsdóttir og meðstjórnendur Bryndís Guðmundsdóttir og Brynja Aðalbergsdóttir. Gjaldkeri deildarinnar er Hulda Björk Þorkels-dóttir. Ákveðið hefur verið að þema vetrarins verði lestur/læsi í víðustu merkingu þessara orða. Áætlað er að skoða hvað verið er að gera varðandi lestur og læsi á hinum ýmsu sviðum, bæði í skólum, bókasöfnum, listasöfnum o.fl. Þetta þema er vel við hæfi þar sem áherslan hefur verið mikil á lestur í okkar samfélagi undanfarin ár. Fyrsti fundur Petadeildar var haldinn 29. september s.l. í leikskólanum Vesturbergi. Brynja Aðalbergsdóttir leikskólastjóri tók á móti félagskonum og sagði frá starfi skólans og sýndi nýtt og glæsilegt húsnæði leikskólans. Erindi kvöldsins hélt Árdís Jónsdóttir



Á myndinni eru: Elín Rut, Sóley Halla, Fanney og Bryndís


Delta Kappa Gamma styrkir skóla í Afríku

Á alþjóðþingi Delta kappa Gamma í sumar var lögð fram tillaga þess eðlis að samtökin tækju sig saman um að styrkja eitt ákveðið verkefni sem gæti orðið börnum, og einkum þó stúlkum, til gagns fyrir framtíðina. Valnefnd starfaði á vegum stjórnarinnar til að skoða ýmis konar tillögur og voru alls um 20 verkefni, smá og stór, skoðuð og metin með tilliti til þess hversu mikið gagn þau gætu gert. Niðurstaða nefndarinnar varð sú að leggja til við þingið að samþykkja verkefni sem rekið er af UNICEF og Nelson Mandela Foundation og kallast **Schools for Africa**. Ein rökin með því að styðja þessa tillögu voru að flest lönd þar sem Delta Kappa Gamma starfar styðja verkefnið. Þó var Ísland undantekning þar til nýlega.

Þegar verkefnið hafði verið samþykkt á alþjóðþinginu, fóru Ingibjörg Jónasdóttir forseti landssambandsins og Sigrún Klara Hannesdóttir sem sat í valnefndinni, á fund UNICEF á Íslandi til að kanna hvort Íslands-deild UNESCO gæti skráð sig sem stuðningsaðila verkefnisins. Flóki Guðmundsson, fjárflyunarfulltrúi UNICEF, svaraði okkur eftir nokkra daga og lagði til eftirfarandi form á samstarfinu:

„Það fer best á því að þið safnið saman framlögum frá ykkar félagskonum og afhendið einu sinni á ári, t.d. um jól eða öðru hvoru megin við áramót ... allt eins og ykkur sýnist best. Við komum styrknum áfram til Schools for Africa-verkefnisins í landi að ykkar vali, en hægt er að velja á milli ellefu landa: Angóla, Búrkina Fasó, Eþíópía, Madagaskar, Malawi, Mali, Mozambique, Níger, Rúanda, Suður Afríka og Simbabwe. Um mánaðarmótin febrúar/mars mun ég svo standa skil á skýrslu til ykkar um verkefnið í viðkomandi landi, framgang þess og um leið staðfestingu á framlagi ykkar.“

Þetta táknar að bæði einstaklingar og deildir geta sent einhverjar krónur, margar eða fáar, til UNICEF og annað hvort tilgreint hvaða land þær vilja styrkja eða að peningarnir fara beint til verkefnisins. Fordæmi eru fyrir því að Delta Kappa Gamma deildir á Íslandi veiti styrki til UNICEF og vitum við að Beta-deildin á Akureyri gerði það fyrir nokkrum árum. Einnig hafa konur í Delta-deild safnað peningum á fundum sínum til að styrkja verkefnið. Gaman væri til dæmis að nota þetta sem jólagjöf eða jólastyrk til verkefnisins og vita að peningarnir koma í góðar þarfir.



Sigrún Klara Hannesdóttir, Alfadeild



Að taka þátt í leiðtoganámskeiði

Ég hef oft heyrt látið vel af leiðtoganámskeiðum sem samtökin okkar Delta Kappa Gamma hafa haldið fyrir félagskonur, sérstaklega þessi sem hafa verið haldin í Austin í Texas, sjálfu höfuðvígi samtakanna. Þess vegna lét ég þau tvö námskeið, sem hafa boðist okkur hér á Íslandi ekki fram hjá mér fara. Fyrst í vor þegar Helen Popovich kom og var hér seinni part dags með okkur og aftur í haust þegar Barbara Whiting frá Minneapolis hélt lengra og ítarlegra námskeið á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Báðar þessar konur eru virkir leiðtogar og

fræðarar innan samtakanna og komu hingað með tilstyrk þeirra. Þegar frá líður rykfellur ýmislegt sem á dagana drífur, svo ég ætla mér ekki þá dul að tíunda allt fyrir þér, lesandi góður, sem þarna fór fram. Mig langar aðeins að tipla á nokkrum atriðum, sem rifjast upp þegar ég handleik möppuna og minnismíðana sem ég hafði með mér heim eftir þessi námskeið. Mér er minnisstæður ferskleikinn sem leikur um konur eins og Helen og Barböru. Þær geisla af vilja til að örva okkur til dáða, til sjálfsþekkingar og heilsusamlegrar gagnrýni, sem leiða til þess að við fáum betur nýtt þær orkustöðvar sem öllum eru gefnar. Ég hef engan veginn tölu á öllum þeim tillögum, sem þær höfðu uppi í erminni um það hvernig hægt væri að setja saman hóp og fá hann til að vinna á skilvirkan hátt þar sem öllum líður vel og koma sjónarmiðum sínum á framfæri í tæka tíð, ekki eftir á eins og við þekkjum of mörg dæmi um á eigin skinni. Í möppunni minni finn ég ýmsar setningar, eins og til dæmis þessar:

- ♦ Hættu að dást svona mikið að vandamálunum, þú dregur sjálfa þig og aðra með þér niður í þau. Leitaðu frekar lausna.
- ♦ Talaðu um það sem þér hefur vel tekist, þá gerirðu þér betur grein fyrir draumum þínum.
- ♦ Fólk sem lifir í þátíðinni hefur lélega sjálfsmynd og getur ekki hlegið að sjálfu sér, á í erfiðleikum með lífið.
- ♦ Skrifðu hjá þér þína lífsýn og berðu miðann með þér hvar sem þú ert.
- ♦ Borðu froskinn á meðan hann er lítill, ekki draga það þangað til hann er orðinn of stór. Þeir sem þekkja söguna um froskinn, sem stækkar vita hvað þetta þýðir.
- ♦ Leitaðu út í náttúruna, stattu upp frá tölvunni og leitaðu eftir jafnvæginu sem náttúran býður þér. Hafðu hljótt, svo þú heyrir betur hvað aðrir segja.
- ♦ Þegar þú ert að vefa, ertu að vefa - dveldu í verkum þínum hverju sinni, ekki gleyma að þakka fyrir allt gott sem þér er gefið. Hugurfar þakklætisins er mikill orkugjafi.

Í umslaginu mínu finn ég gleraugu og spöng með hlæjandi hjörtum. Þá man ég eftir að þetta notuðum við að ráði fyrirlesarans, Amöndu Gore, sem Barbara sýndi okkur á myndbandi og var ógleymanleg. Eitt af því sem Amanda sagði var að handfangið að okkar eigin hjarta væri að innan, enginn gæti opnað það nema við sjálfar. Með hjartanu okkar skynjuðum við hlutina rétt og með augunum hlustuðum við eftir

Eε Epsilondeild

Fyrsti stjórnarfundur Epsilon deildar var 25. ágúst og þá skipti stjórn með sér verkum. Í stjórn Epsilon eru Bolette Höeg Koch formaður, Björg Björnsdóttir varaformaður, Elín Hannibalsdóttir ritari, Eydís Katla Guðmundsdóttir og Rut Guðmundsdóttir meðstjórnandi.



Rut okkar andaðist 30. september eftir stutta en erfiða legu og er hennar sárt saknað. Þema vetrarins er: „Ræktum vináttu innan hópsins.“ Eitt af því sem starfið í félaginu hefur gefið okkur er vináttu og finnst okkur það ómetanlegt og viljum við efla tengsl okkar enn betur, einkum við þær sem nýlega hafa gengið í félagið.

Fyrsti fundur okkar var haldinn í Þjórsárskóla 14. október. Þar flutti Bolette erindi um þróun náttúrufræðikennslu í skólanum og sagði frá starfendarannsókn sinni. Eftir erindi hennar spunnust góðar og gagnlegar umræður.

Annar fundur vetrarins verður á Ljósaborg þar sem skólastjóri og kennarar taka á móti okkar og segja okkur frá starfi skólans. Eftir áramót verður hefðbundinn bókafundur og í marsmánuði förum við til Reykjavíkur í menningarferð. Seinasti fundur vetrarins verður í Hveragerði. Þá fáum við vonandi gesti því það er alltaf svo gaman að hitta félagskonur frá annarri deild. Með kveðju, Bolette Höeg, formaður.

Í vor voru stjórnarskipti í Zetadeildinni á Austurlandi. Nýja stjórn skipa Hrefna Egilsdóttir, Hallormsstað, formaður, Björg Þorvaldsdóttir, Neskaupsstað, varaformaður, Anna Margrét Birgisdóttir, Breiðdalsvík, gjaldkeri og Guðlaug Árnadóttir, Reyðarfirði, ritari. Félagskonur Zetadeildar koma af stóru svæði og þar

Zζ Zetadeild

sem allra veðra er von yfir vetrartímann hittumst við að hausti á nokkrum fundum, gerum hlé yfir háveturinn og hittumst svo aftur nokkrum sinnum að vori. Við reynum að hafa fundina og umsjónarkonur funda á þeim stöðum þar sem félagskonur búa og náum þannig að dreifa fundum. Félagskonur í Zetadeild eru nú í haust skráðar tuttugu og þrjár. Í vetur



Jarþrúður fær bók s.l. vor leggjum við upp með aðalþema landssamtakanna sem er *fagvitund í fyrirrumi*. Á fyrsta fundi vetrarins sem haldinn var á Staðarborg í Breiðdal fór Hrefna formaður vel í gegnum skilgreininguna á fagvitund og spunnust miklar og gagnlegar umræður í kjölfarið. Var það niðurstaða fundarins að það væri okkur mikilvægt að kryfja starf okkar til mergjar og þannig styrkt fagvitundina. Það verður svo spennandi að fylgjast með því hvernig fundarkonur sem skipta með sér umsjón með fundum í vetur útfæra þetta viðfangsefni áfram. Hrefna Egilsdóttir, formaður Zetadeildar.

hana sem og *Myndbrot*, fallega grein eftir Eygló sem birtist í ritinu *Fyrirgefning og sátt*. Eftir minningarathöfnina flutti Valgerður Bjarnadóttir þingkona fróðlegt erindi um ESB, sögu þess og stöðu samningaviðræðna Íslendinga við ESB. Valgerður hefur mikla þekkingu á ESB, bjó lengi í Brussel og tók m.a. þátt í samningum um viðbætur við EES-samninginn á árunum 1994-2001. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þingkona mun mæta á nóvemberfundinn og fjalla um konur og stjórnmál. Fundurinn verður haldinn heima hjá Kristínu Bjarnadóttur. Desemberfundurinn eða jólafundurinn verður haldinn á heimili Arnýjar Elíasdóttur. Að vanda mun rithöfundur, sem gefur út frumsamda bók fyrir jólin, mæta á fundinn og lesa úr verki sínu. Bestu kveðjur, fyrir hönd stjórnar, Kristín Jónsdóttir, formaður Gammadeildar Aðrir í stjórn eru: Helga G. Halldórsdóttir, varaformaður, Gerður G. Óskarsdóttir, ritari, Kristjana Stefánsdóttir, meðstjórni og Arný Elíasdóttir, gjaldkeri.

Δδ Deltadeild



Vetrarstarf Deltadeildar hófst á Hvanneyri 28. September þar sem Þórunn Reykdal stjórnarkona tók á móti okkur í Ásgarði sem hýsir móttöku og skrifstofur staðarins. Hún sagði okkur frá starfi Landbúnaðarháskólans og NOVA verkefninu sem hún hefur veg og vanda af. Að því loknu tók Bjarni Guðmundsson verkefnastjóri Landbúnaðarsafns Íslands á móti okkur í Hvanneyrarkirkju og lýsti sögu skólans og staðarins. Fundurinn var í Skemmunni sem er elsta hús staðarins. Við buðum þremur gestum á fundinn sem væntanlega ganga í deildina á jólafundinum auk þess var með okkur Kappakona sem sem hefur búið á svæðinu undanfarin ár og vill starfa með okkur. Yfirmarkmið vetrarins verður eins og framkvæmdaráðið mæltist til, Fagmennska í fyrirrími. Á næsta fundi, í lok október ætlum við til Reykjavíkur og kynna okkur Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur sem er heiðursfélagi samtakanna okkar. Jólafundurinn verður svo í Reykholti. Þar vonumst við til að taka 3 nýjar konur inn í deildina. Þá verðum við orðnar 30 og erum við ánægðar með það. Hefð er fyrir því að fara á jólatónleika í Reykholtskirkju að loknum fundi og svo verður einnig nú. Deltakonur í Reykholti skipuleggja jólafundinn. Við höldum áfram þeirri hefð að konur á þeim stað sem við höldum fund skipuleggja fundinn og hefur það tekist mjög vel. Á fundinum á Akranesi ætlum við að kynnast þróunarverkefnum sem grunnskólarnir á Akranesi eru að vinna að, Byrjendalæsi og Orð af orði. Við tilnefnum bók, sem allar ætla að vera búnar að lesa fyrir næstu fundi til að ræða. Síðan verða fundir í Borgarnesi og á Akranesi þar sem við ætlum að fá Deltakonu til að halda fyrirlestur um fagvitundina. Vorfundurinn verður svo annað hvort í Búðardal eða á Snæfellsnesi í byrjun maí. Það var mikil vinátta og hlýhugur í hópnum á fyrsta fundinum, eins og reyndar á öllum fundum okkar. Við förum alltaf fullar bjartsýni og gleði af fundunum okkar og hlökkum strax til næsta fundar. Orð til umhugsunar er jafnan á sínum stað og alltaf jafn skemmtilegt að hlusta á þessar fjölhæfu og gefandi konur. Ný stjórn hlakkar til vetrarins og sendir kveðjur. F. hönd stjórnar, Elísabet Jóhannes-dóttir, formaður. Aðrar í stjórn: Þórunn Reykdal, 1. varaformaður, Halldóra Jónsdóttir, ritari og Theodóra Þorsteinsdóttir, 2. varaformaður. Jensína Valdimarsdóttir er gjaldkeri.

tilfinningum annarra. Hún sagði líka, að fólk myndi gleyma því sem við segðum eða gerðum, en það myndi hvernig því leið í okkar návist. Það var líka sérstaklega ánægjulegt á námskeiðinu með Barböru að tvær félagskonur lögðu til dagskrárliði. Ingibjörg Auðunsdóttir talaði við hópinn um mikilvægi lýðræðis með börnunum okkar og nafna hennar Frímansdóttir kenndi okkur framsögn. Þetta og svo margt annað olli því að námskeiðin voru einn samfelldur suðupottur sem nærir um langan aldur. Ósvikin andleg hressing og styrking eins og stjórnendanámskeið eiga að vera. Það er ástæða til að þakka stjórn samtakanna hér á landi fyrir að láta til skarar skriða með námskeið af þessu tagi, okkur öllum til hagsbóta.



Frá námskeiðinu með Barböru Whiting s.l. haust



Ást okkar er eins og úðarigning,
sem fellur mjúklega -
en veldur þó flóði.

(Afrískur málsháttur)

Aα Alfadeild

Fyrsti fundur Alfa deildar var haldinn í lok september og var vel sóttur. Fundurinn var haldinn í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og tók Ingibjörg E. Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri á mótum okkur, sýndi okkur aðstöðuna og kynnti starfsemina.

Athyglisvert var að sjá hversu fjölbreytt námstilboð eru þar til staðar fyrir fólk á vinnumarkaði sem hefur litla formlega menntun.

Afmælisfundur Alfa deildar verður haldinn laugardaginn 13. nóvember í Þjóðmenningarhúsinu. Fundurinn verður tileinkaður þeim tímamótum að 30 ár eru liðin frá því að frú Vigdís Finnbogadóttir, heiðursfélagi Delta Kappa Gamma, var kjörin fyrst forseti. Umræðuefnið á fundinum er málefni sem henni hefur lengi verið hugleikið en það er: börn og rökræður. Hreinn Pálsson, heimspekingur og prófstjóri við HÍ, mun fjalla um það hvernig best er að kenna börnum rökræður. Á fundinum verða stofnfélagar jafnframt heiðraðir og í lokin verður svo boðið upp á léttan hádegisverð.

Jólafundurinn verður haldinn laugardaginn 4. desember að heimili Sigríðar Rögnu Sigurðardóttur, fyrrv. formanns Alfa deildar. Jólafundir deildarinnar eru mjög hefðbundnir en venjan er að fá rithöfund til að kynna nýútkomna bók sína, syngja jólalög og snæða hangikjöt og laufabrauð að íslenskum sið.

Bestu kveðjur, Marta Guðjónsdóttir.

Bβ Betadeild

Vetrarstarfið hófst með menningar- og fræðsluferð eins og orðið er að venju hjá Betadeild. Að þessu sinni var farið að Möðruvöllum í Hörgárdal. Séra Sólveig Lára Guðmundsdóttir tók á mótum okkur og var byrjað að fara til kirkju. Þar sagði Sólveig Lára okkur frá sögu staðarins og rakti ýmislegt sögulegt sem tengist staðnum.

Ýmislegt rifjaðist upp fyrir okkur sem við höfðum lært í skóla auk þess sem hún tengdi söguna nýlegum bókmenntum eins og „Ofsa“ eftir Einar Kárason. Síðan leiddi hún okkur á milli gamalla leiða frægra Íslendinga í kirkjugarðinum. Að þessum fróðleik loknum var farið í fjósið sem til stendur að gera upp og verður örugglega mjög skemmtileg viðbót við staðinn. „Leikhúsið“ var næsti viðkomustaður en það er gamalt leikfimiðhúsið á staðnum sem alltaf hefur verið kallað leikhúsið. Það hefur verið gert upp og hélt Betadeild fyrsta fund vetrarins þar. Að fundi loknum beið okkar uppdekkad borð og þjónusta. Við snæddum dýrindis fiskisúpu og franska súkkulaðiökku ásamt kaffi á eftir og spjölluðum langt fram eftir kvöldi. Þetta var góð, fræðandi og skemmtileg kvöldstund sem Betasystur áttu þarna.

Konur héldu heim saddar og mun fróðari um fallegan stað sem er stutt frá flestum okkar. Það var mjög skemmtilegt að hefja á formannsstarfið í þessu fallega umhverfi og ekki spillti kvöldfegurðin fyrir.



Framundan er svo spennandi starf. Í vetur verður lögð áhersla á að horfa inn á við í samtökunum. Veturinn 2010-2011 verður þemað „Verum virkar – Horft inn á við.“ Þetta þema tengist sjötta markmiði samtakanna. Á fundi í október munum við auk hefðbundinna fundarstarfa fræða konur um samtökin og segja fréttir af framkvæmdaráðsfundinum síðan í september.

Annað sem er á dagskrá vetrarins auk hefðbundinna starfa er t.d. jólafundur þar sem við fáum erlendan gest til að segja okkur frá jólahátíð eða trúarhátíðum í sínu landi. Bókafundur, leshringur, menningarferð og vinnufundur þar sem horft er inn á við í samtökunum. Betadeild hefur lengi lokið vetrarstarfinu á sameiginlegum fundi í heimahúsi þar sem Betasystur koma með meðlæti. Gert er ráð fyrir svipuðu formi að vori. Auk þess verða konurnar hvattar til að fjölmenna á landssambandsþingið í Reykjanesbæ í maí og Evrópuþingið í Baden Baden í Þýskalandi í byrjun ágúst. Fyrir hönd Betadeildar, Þorgerður Sigurðardóttir, togga@simnet.is

Aðrir í stjórn eru:

Jónína Hauksdóttir, varaformaður, Þórunn Bergsdóttir, ritari, Hanna Salómundsdóttir, meðstjórnandi, Sigrún Aðalgeirsdóttir, gjaldkeri og Eygló Björnsdóttir, fráfarandi formaður.

Γγ Gammadeild

Gammadeildin var stofnuð 1977 og í deildinni eru nú 35 konur.

Ný stjórn Gammadeildar hefur fundað þrisvar það sem af er haustinu.

Á fyrsta fundinum var þema vetrarins samþykkt og ákveðið að það yrði 7. markmið Alþjóðasamtakanna sem er „að fræða konur um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnmálum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna“. Sú hefð hefur skapast að á fyrsta fundi haustannar er farið á listsýningu. Á septemberfundinum var skoðuð sýningin: *Með viljann að vopni. Endurlit 1970-1980*. Á henni eru verk 26 listakvenna frá áttunda áratugnum eða kvennaáratugnum eins og hann er kallaður. Við upphaf hans var Rauðsokkahreyfingin stofnuð og við lok hans varð Vigdís Finnbogadóttir forseti. Um miðjan áratuginn var fyrsti kvennafrídagurinn hinn 24. október 1975. Gerður G. Óskarsdóttir leiddi hópinn um sýninguna og sagði frá listakonunum og verkum þeirra en hún hafði kynnst mörgum listakvennanna. Frá Kjarvalsstöðum hélt hópinn á Nemaforum sem er menningarhúsið í Slíppsalnum við gömlu höfnina þar sem konur gæddu sér á Nemaforum laxakúlu og nutu samverunnar. Ingibjörg Jónasdóttir forseti Delta Kappa Gamma sagði frá Alþjóðþingi DKG í Spokane og Golden Gift, Anh-Dao Tran sagði frá fyrirlestri sem hún flutti á Alþjóðþinginu og námsstyrk sem hún hlaut og Vilborg Dagbjartsdóttir kom með nýútkomna bók sína til áritunar. Veikindi og síðan fráfall Eyglóar Eyjólfsdóttur fyrrverandi skólameistara og Gammasystur setti svip sinn á októberfundinn sem haldinn var tveim dögum fyrir jarðarförina heima hjá Gerði G. Óskarsdóttur. Í upphafi fundar var minningarathöfn um Eygló. Kveikt var á hvítu kerti og borðið skreytt með hvítri rós ásamt hinum hefðbundnu rauðu rósum. Gerður, æskuvinkona hennar minntist Eyglóar í fáeinum orðum. Undirrituð las drög að minningargrein um

